

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 612/2012

2014/EES/36/28

frá 9. júlí 2012

um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir farmflutninga á vegum milli landa (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir farmflutninga á vegum milli landa ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 4. gr. og 5. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fremst í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1072/2009 er litur fyrirmyndarinnar að Bandalagsleyfinu skilgreindur sem „Pantone ljósblár“.
- 2) Fremst í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1072/2009 er litur fyrirmyndarinnar að ökumannsvottorðinu skilgreindur sem „Pantone bleikur“.
- 3) Nauðsynlegt er að skilgreina litina af meiri nákvæmni til að stuðla að einsleitni og samræmingu í túlkun og beitingu reglugerðar (EB) nr. 1072/2009.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1072/2009.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1072/2009 er breytt sem hér segir:

- 1) í stað setningarinnar „Pantone ljósblár sellulósapappír, hið minnsta 100 g/m², snið: DIN A4“ í fjórðu línu II. viðauka komi eftirfarandi:

„Pantone ljósblár 290, eða eins nálægt þessum lit og mögulegt er, sellulósapappír, hið minnsta 100 g/m², snið: DIN A4“,

- 2) í stað setningarinnar „Pantone bleikur sellulósapappír, hið minnsta 100 g/m², snið: DIN A4“ í fjórðu línu III. viðauka komi eftirfarandi:

„Pantone bleikur 182, eða eins nálægt þessum lit og mögulegt er, sellulósapappír, hið minnsta 100 g/m², snið: DIN A4“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. júlí 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 178, 10.7.2012, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 72.